



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1009/2025 í skipulagsgátt, Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar með tilliti til Borgarlínu. Kynning umhverfismatsskýrslu

Vísað er til máls nr. 1009/2025 í skipulagsgátt, Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar með tilliti til Borgarlínu. Kynning umhverfismatsskýrslu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vill byrja á að ítreka tvæ athugasemdir úr umsögn sinni um matsáætlun dags. 27. apríl 2023. Sú fyrsta varðar kafla 2.3. um fyrirliggjandi skipulagsáætlanir og aðrar opinberar stefnur. Þar eru taldar upp þær stefnur sem framkvæmdin skal taka mið af. HER telur að hér mætti bæta við Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.

Næsta athugasemd varðar kafla 2.5. um leyfisveitingar, þar er tekið fram að ákveðnir þættir framkvæmdarinnar, s.s. tímabundin aðstaða eins og vinnubúðir, séu háðir starfsleyfi HER. HER bendir einnig á að leyfi þarf fyrir mögulegum efnisgeymslu eða efnisvinnslusvæðum, þess mætti geta hér.

Þá vill HER gera athugasemdir við kafla 5.5. um hljóðvist. Gert er ráð fyrir óverulegri hækkun á umferðarhávaða við hús við Blesugróf. HER vill benda á að miðað er við skiltaðan hámarkshraða við útreikninga en raunhraði er mun meiri. Þegar búið er að greiða götu umferðar getur hraði aukist enn frekar og með því hávaðamengun. Að mati HER ætti einnig að reikna dreifingu hávaða miðað verstu sviðsmynd, s.s. aukning umferðar og ranumferðarhraða. HER vill einnig gagnrýna að lítið er gert úr áhrifum hávaða frá vinnuvélum og framkvæmdum á nærliggjandi íbúðarhús og vísað til þess að þar sé nú þegar mikill hávaði vegna umferðar. HER telur að þegar svæði er undir jafn miklu álagi og raun er með húsin í Blesugróf sé enn nauðsynlegra að vera með ríkar mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdahávaða. Þó farið sé eftir þeim tímatakmörkunum sem gefin eru upp fyrir framkvæmdir í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða er ljóst að talsverð aukning verður á hávaðaálagi hjá íbúum að óbreyttu. HER telur því mikilvægt að gripið verði til mótvægisáðgerða vegna framkvæmdahávaða á þessum stað. Æskilegt væri að setja upp hávaðamæla til að vakta hávaða svo unnt sé að meta þörf á viðbrögðum og viðvörðum til íbúa.



Gert er ráð fyrir mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum á vatnafar og dýralíf í Elliðaárdal á framkvæmdatíma. HER telur að vakta þurfi svæðið á framkvæmdatíma og að vöktunaráætlun skuli fylgja umhverfismati. Mikilvægt er að geta gripið inn í ef upp koma neikvæð áhrif frá framkvæmdunum sem nauðsynlegt er að bregðast við til að koma í veg fyrir varanlegan skaða.

HER bendir á að sé þörf á geymslusvæðum fyrir tæki, búnað og efni þarf að velja slíkum svæðum stað þar sem þau valda sem minnstri hættu á mengun, óþægindum og ónæði fyrir almenning og umhverfi. Tryggja þarf einnig að öryggismál séu í lagi, að ekki sé slyshætta af slíkum geymslusvæðum.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri